

IV / 23.1

RIKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	RLS	
Skýrslu gerir	Arnar Jenson, aðstoðaryfirlöggluþjónn	Mál nr.	006-2002-0086
Staður og stund:	Reykjavík 7. (A) mars 2002 kl. 10.00		
Sakarefni:	Ætluð brot á ákvæðum XXVI alm. hgl., bókhaldslaga og laga um hlutafélög.		
Vitni:	Hreinn Loftsson	Kennitala:	120156-4039
Starf/staða:	Hæstaréttarlögmaður	Vinnusími:	587 1286 / 898 2105
Lögheimili:	Sunnuflöt 15, 210 Garðabæ	Sími:	565 8895
Dvalarstaður:		Sími:	

Hreinn er mætt til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um opinbera rannsókn á ætluðum brotum stjórnenda Baugs Group hf. (hér eftir ritað BG hf.) í framhaldi af kæru Jóns Geralds Sullenberger en í þágu þeirrar rannsóknar hafa ýmis erindi verið send frá efnahagsbrotadeild RLS til stjórnar og lögmans BG hf. Hreini er kynnt að fyrir liggir rökstuddur grunur um að stjórnendur BG hf. a.m.k. þeir Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi gerst brotlegir við XXVI. kafla almennra hegningarlaga, bókhaldslög og laga um hlutafélög í tengslum við viðskipti við félögin Nordica Inc og New Viking í Florida., sem og eiganda þeirra, Jón Gerald Sullenberger, svo og SMS í Færeyjum.

Hreinn er spurður hvort hann sé tilbúinn að gefa vitnaskýrslu hér hjá lögreglu varðandi ofanskráð.

Hann segist vera tilbúin til þess að gefa vitnaskýrslu hér hjá lögreglu um það sem hann hefur vitneskju um.

Brýnt er fyrir Hreini að segja satt og rétt frá og jafnframt tjáð að rangur framburður vitnis geti varðað refsíabyrgð.

**Stjórn Baugs Group hf.**

Fyrir Hrein er lagt skjal II/16.0 og 16.1 sem er samantekt RLS varðandi stjórnarmenn Baugs Group hf. ásamt tilvísuðum gögnum frá Hlutafélagaskrá. Hreinn er spurður hvort upplýsingar um stjórnarsetu hennar séu réttar á samantektinni.

Hann segir að þessi skjöl gefi rétta mynd af stjórn Baugs Group hf.

06000 *[Signature]*

**Innri rannsókn stjórnar Baugs hf. á viðskiptum Nordica Inc og Baugs hf.**

Í fjölmiðlum undanfarna daga er haft eftir Hreini að í febrúar 2002 hafi hann kynnt stjórn að hann hefði beðið ytri endurskoðanda félagsins að yfirfara/gera innri rannsókn á málefnum félagsins m.a. á viðskiptum við Nordica Inc. Sú rannsókn hafi síðan farið fram. Þetta hefur einnig komið fram í vitnaskýrslum Guðfinnu Bjarnadóttur og Þorgeirs Baldurssonar, stjórnarmanna.

Hreinn er beðinn að gera grein fyrir tilefni þess að hann bar þetta upp á stjórnarfundum, afgreiðslu erindisins innan stjórnar og niðurstöðu endurskoðanda félagsins varðandi viðskipti við Nordica.

Hreinn skýrir svo frá:

“Í framhaldi af umræðum á Alþingi þann 23. janúar 2002, þar sem formaður Samfylkingarinnar og forsætisráðherra gagnrýndu það sem þeir kölluðu markaðsráðandi stöðu Baugs hf. og í framhaldi af fundi mínum með forsætisráðherra, Davíð Oddssyni, í London þann 26. janúar 2002, átti ég fund með Tryggva Jónssyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, og ég held að Jóhannes Jónsson hafi einnig verið viðstaddur, þann 29. janúar þar sem ég upplýsti þá um að á fundi mínum með Davíð Oddssyni hefði Davíð nefnt við mig í óformlegu spjalli að til eyrna hans hefðu borist sögur um að ekki væri allt með felldu varðandi viðskipti forráðamanns Nordica í Flórída og Jóns Ásgeirs/Jóhannesar Jónssonar eða Baugs. Að Davíð hefði nefnt við mig að sögur hefðu borist sér um að félagið Nordica væri notað til þess að “hækka vöru í hafi” og hækkunin rynni inn á bankareikninga á vegum Jóns Ásgeirs eða Jóhannesar.

Þeir upplýstu mig um það á fundinum að þeim væri ekki kunnugt um nein óeðlileg eða ólögleg viðskipti við Nordica eða Jón Gerald Sullenberger.

Á þessum fundi afhenti ég Jóni Ásgeiri bréf, dags. 29. janúar 2002, þar sem ég fer fram á að gert verði úttekt á nokkrum þáttum í rekstri Baugs til þess að ganga úr skugga um að farið sé að lögum og reglum í öllum viðskiptum félagsins. Ég afhenti Jóni Ásgeiri samrit af bréfinu til þess að láta ytri endurskoðanda hafa það en gert var ráð fyrir að hann annaðist þessa úttekt. Ég átti um svipað leyti samtali við Stefán Hilmarsson, endurskoðanda félagsins, þar sem ég fylgdi bréfinu eftir og nefndi þá við hann að mér hefðu borist til eyrna sögusagnir um óeðlileg viðskipti Baugs/JÁJ/JJ við Nordica/JGS þannig að hann hefði þau viðskipti sérstaklega í huga í sinni athugun.

Á næsta stjórnarfundum Baugs þann 14. febrúar 2002 gerði ég stórninni grein fyrir þessum bréfum mínum. Þar eru bókanir undir liðnum “Political situation” þar sem stjórnin er að ræða nýlega gagnrýni ráðamanna og alþingismanna á þingi. Í þeirri umræðu greindi Tryggvi Jónsson frá því að viðskipti við Nordica Inc væru fremur lítil og fyrirtækið væri líklega að lognast út af.

Endanleg niðurstaða ytri endurskoðanda lá fyrir í byrjun maí 2002 og greint frá henni á stjórnarfundum 23. maí. Á stjórnarfundinum er bókað sérstaklega um lánamál og að þau séu öll uppgerð.

Ég vísa í bréf dags. 29. janúar og fundargerðir stjórnar frá þessu tímabili, svo og til skýrslu Stefáns Hilmarssonar endurskoðanda Baugs en þau gögn hafa verið afhent efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans.

Í ágúst 2002 var ég staddur í fríi í Portúgal með fjölskyldu minni. Tryggvi Jónsson hringdi til mín þangað 19. eða 20. ágúst og bað mig um að koma á símafund með honum og fleiri stjórnendum Baugs. Þessi símafundur var haldinn daginn eftir og þátt í honum tóku auk mín og Tryggva, og, að því er mig minnir, Jóhanna Waagjöf, Árni Pétur og/eða Jón Björnsson. Ég tek fram að erfitt er að muna hverjir voru nákvæmlega viðmælendur mínir hinum megin við hafið og Tryggvi stýrði fundinum. Á þessum símafundi gerði Tryggvi mér grein fyrir því að hann hefði frétt að Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl., væri búinn að taka að sér mál Jóns Gerald Sullenberger gegn Baugi. Á fundinum fór Tryggvi yfir viðskipti Baugs og Nordica en ég man ekki nákvæmlega yfir hvaða viðskiptaatriði var farið. Aðalmálið var þó að

óskað var eftir því að ég, sem lögmaður, tæki að mér lögfræðilega hlið málsins ef til innheimtuaðgerða kæmi af hálfu Jóns Geralds Sullenberger.”

**Tekjufærslur í bókhaldi Baugs Group hf á kreditreikningum frá Nordica Inc og SMS í Færeyjum:**

Hreinn er spurður hvort hann þekki til vöruviðskipta Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki félagsins og ef svo er beðinn að gera grein fyrir því hvaða upplýsingar hann hafði um þau viðskipti.

Hann segist ekki þekja til þeirra viðskipta sérstaklega.

Hreinn er spurður hvort stjórn BG hf. hafi haft vitneskju um önnur viðskipti en vöruviðskipti Nordica Inc við BG hf. eða undirfyrirtæki þess og þá beðinn að gera grein fyrir hvaða upplýsingar stjórnin hafði um þau viðskipti.

Hann segist ekki hafa haft vitneskju um þau.

Hreini er sýnt ljósrit af kreditreikningi að fjárhæð 589.890 USD sem skv. fskj I00743 var færður til gjalda í einni færslu að fjárhæð kr. 108.594.000 ásamt kredityfirlýsingu frá SMS í Færeyjum að fjárhæð DKK 3.900.000 – sbr. málskjöl II/8.1.1 og 8.2. Þann 30.10. 2001 var gjaldfærslan leiðrétt og fjárhæðin færð til tekna á “Tekjur utan samstæðu” og “Biðreikning”, skv. fskj nr. I00751. Þann 31.12. 2001 voru kr. 60.000.000 bakfærðar með skýringu á færsluskjali að kreditreikningurinn frá SMS sé bakfærður.

Hreinn er spurður hvort um þessa kreditreikninga eða þau viðskipti sem að baki þeim eru, hafi einhvern tímann verið fjallað af stjórn BG hf. áður en rannsókn þessi hófst.

Nei.

Hreinn er spurður hvort stjórn BG hf hafi fjallað um áætlun eða markmið um afkomu fyrstu 6 mánaða ársins 2001, svo og niðurstöður hálfársuppgjörs ársins 2001.

Hreinn segir að gerð sé rekstraráætlun í ársbyrjun sem stjórnin hafi samþykkt. Einnig séu uppgjör kynnt stjórn og rædd þar áður en tilkynningar eru sendar út á Kauphöllina. Hann segir að það hljóti einnig að hafa verið í þetta sinn, án þess að hann minnst þess sérstaklega.

Hreinn er spurður hvort í stjórn BG hf hafi átt sér stað umræða eða umfjöllun á einhvern hátt, í kring um 6 mánaða uppgjör 2001, í þá veru að niðurstæða árshlutareikings væri betri eða verri en áætlanir samstæðunnar gerðu ráð fyrir.

Hann segist ekki minnst þess sérstaklega.

Hreini er tjáð að starfsmenn efnahagsbrotadeildar hafi rannsakað bókhald Nordica Inc og SMS í Færeyjum, svo og verið í sambandi við endurskoðendur beggja þessara erlendu félaga. Hvorugur þessara kreditreikninga séu færðir í bókhaldi félaganna. Teknar hafi verið skýrslur af forráðamönnum þeirra og í báðum tilfellum hafi þeir játað að hafa skv. beiðni Tryggva Jónssonar útbúið þessi skjöl án þess að nokkur viðskipti væru á bak við þau, skölin væru með öllu tilhæfulaus. Hreini er einnig tjáð að þessi skjöl hafi ekki verið á meðal fylgiskjala í bókhaldi BG hf. heldur hafi bókarar bókað færslurnar

skv. færsluskjölum endurskoðanda við lokafærslurgerð við 6 mánaða uppgjör annars vegar og við lokafærslugerð 12 mánaða uppgjör ársins 2001 hins vegar. Hreini er einnig tjáð að endurskoðandi BG hf., Stefán Hilmarsson, hafi við yfirheyrslu greint rannsóknurum frá því að áhrif tekjufærslunnar að fjárhæð kr. 108.594.000 séu um 20% á hagnað félagsins í hálfársuppgjöri 2001 en það sé mjög nálægt niðurstöðu endurskoðanda RLS.

Hreinn er spurður hvort hann, eða stjórn, hafi á einhvern hátt komið að þessu máli og þá á hvern hátt.

Nei.

Hreinn er beðin að gera grein fyrir þeim upplýsingum eða skýringum sem hann kann að hafa á því sem honum var kynnt hér að framan.

Hann segist ekki hafa neinar skýringar á þessu.

**Greiðslur Baugs Group hf á reikningum frá Nordica Inc - tengsl BG hf við viðskipti með bát á Flórída:**

Hreinn er spurður hvort hann hafi, áður en þessi opinbera rannsókn hófst í lok ágúst sl., vitað til þess að Jón Ásgeir Jóhannesson, Jóhannes Jónsson eða félag þeim tengd hafi átt eða eigi bát í Flórída.

Hreinn segir að það kunnist að vera að hann hafi heyrt einhverjar sögusagnir um að þeir ættu bát en það væri ótengt Baugi.

Hreinn er spurður hvort hann viti til þess að Baugur Group hf. hafi greitt afborganir eða rekstur báts í Flórída.

“Nei”.

Hreinn er spurður hvort stjórn BG hf. hafi einhvern tímann, á einhvern hátt fjallað um umræddan bát eða bát á eigu Jóns Ásgeirs, Jóhannesar eða Jóns Gerald Sullenberger eða félaga sem þeir tengjast.

“Nei”.

Hreinn er spurður hvort stjórn BG hf hafi verið kunnugt um, eða fjallað á einhvern hátt um greiðslur til Nordica Inc í Flórída í þeim tilgangi að taka þátt í tapi eða kostnaðarauka Nordica vegna vöruviðskipta við Aðföng þess frá 1999.

“Nei”.

Hreinn er gerð grein fyrir því að Fjárfestingafélagið Gaumur ehf. hafi frá árinu 1997 og fram á síðari hluta ársins 1999 greitt mánaðarlega reikninga frá Nordica Inc vegna reglulegra afborgana af lánum og fasts rekstrarkostnaðar bátanna Viking I og Viking II en bátarnir voru skráð eign Jóns Gerald Sullenberger í Miami á Flórída. Frá áramótunum 1999/2000 hafi reikningar vegna þessa fasta kostnaðar við bátana fallið niður hjá Gaumi.

Á sama tíma hafi farið að berast reikningar einu sinni í mánuði frá Nordica Inc til Baugs aðalskrifstofu með textanum “*Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work*” fyrst að fjárhæð USD 8.000 en frá maí 2000 að fjárhæð USD 12.000. Þessir reikningar hafi verið samþykktir af

Tryggva Jónssyni, greiddir og færðir á gjaldaliðinn "Tæknileg aðstoð án vsk". Samtals hafa verið gjaldfærðir og greiddir slíkir reikningar að fjárhæð USD 328.808,80 eða u.þ.b. 30,4 milljónir IKR. Að auki hafi, á tímabilinu apríl 1999 til ágúst 2002, borist reikningar frá Nordica Inc með mismunandi fjárhæðum sem greiddir voru og gjaldfærðir voru hjá aðalskrifstofu BG hf á liðina "Ferðakostnaður erlendis" og "Ýmislegt án vsk" að fjárhæð USD að fjárhæð USD 377.501,10. Samtals nema því gjaldfærslur hjá aðalskrifstofu BG hf vegna þessara reikninga frá Nordica USD 706.309,94.

Hreini er tjáð að Jón Gerald Sullenberger hafi greint frá því að allir reikningarnir með textanum "Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work" séu framhald af mánaðarlegum reikningum sem hann sendi áður til Gaums vegna afborgana og rekstrar báts í eigu hans, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Jóhannesar Jónssonar en skráð eign New Viking í Miami á Flórída. Reikningarnir hafi verið orðaðir á þennan hátt skv. fyrirmælum Tryggva Jónssonar. Þessir reikningar eða greiðslur fyrir þá hafi ekki verið færðir í bókhaldi Nordica Inc nema að litlu leyti en síðan einnig í bókhaldi New Viking. Hreini er einnig tjáð að rannsóknarar RLS hafi staðreynt að greiðslur sem bárust frá BG hf vegna þessara reikninga hafi verið notaðar til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking sem var/er skráð eign félagsins New Viking í Miami í Flórída en eigandi allra hlutabréfa sé Jón Gerald Sullenberger. Hins vegar liggja fyrir að Jón Ásgeir Jóhannesson og Jóhannes Jónsson séu eigendur að stórum hluta þess báts.

Hreini er tjáð að Tryggvi Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson hafi neitað því að nokkuð væri til í að þeir hefðu á ofangreindan hátt notað fyrirtækið BG hf til þess að greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking heldur hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald Sullenberger um að hann annaðist ýmis störf í þágu Baugs í Bandaríkjunum og fyrir það hafi Baugur greitt honum/Nordica skv. þessum reikningum. Hafi Nordica þannig verið styrkt þar sem um var að ræða birgja sem stjórnendur Baugs töldu vera mikilvægan.

Hreini er einnig greint frá því að í yfirheyrslu sl. föstudag þann 28. febrúar hafi Tryggvi Jónsson játað að hann hafi vitað að þeir fjármunir sem Baugur greiddi fyrir þessa reikninga hafi verið notaðir til þess að greiða afborganir og rekstrarkostnað bátsins.

Hreini er einnig tjáð að fyrir liggja talsvert af gögnum sem renni stoðum undir þann rökstudda grun að a.m.k. Tryggvi og Jón Ásgeir hafi notað aðstöðu sína hjá Baugi Group hf. til þess að láta félagið greiða afborganir og rekstur bátsins Thee Viking að mestum hluta allt frá lokum ársins 1999 en Jón Ásgeir og Jóhannesi Jónssyni séu raunverulegir eigendur bátsins að stórum hluta.

Hreinn er spurður hvort honum hafi verið kunnugt um eitthvað af því sem hér er nefnt.

"Nei".

#### **Kynning á haldlögðum gögnum sem varða ætluð viðskipti með bát/báta í Flórída:**

Hreini er tjáð að lagt hafi verið hald á tölvu Tryggva Jónssonar í starfsstöð hans í Baugi en einnig á ýmis skjöl sem vistuð voru á heimasvæði hans og annarra á netþjóni Baugs. Hreini er kynnt samantekt rannsóknara, samtals 10 bls., á úrdrætti úr ýmsum tölvupóstum sem varpa ljósi á viðskipti Nordica/New Viking/Baugus – skjal málsins II/27.1. Þeir tölvupóstar og þau skjöl sem vísað er til liggja frammi.

Hreinn er beðin að gera grein fyrir þeim skýringum sem hann kann að hafa á þeim atriðum sem fram koma í skjölunum.

Hreinn segist ekki þekkja til þeirra viðskipta og samskipta sem honum hafa verið kynnt og því ekki hafa skýringu á þeim.

Skýrslutöku lauk kl. 12:24

Staðfest rétt eftir haft:

Handwritten signature of Hreinn Jónsson in cursive script.

Skýrsluna skráði:

Handwritten signature of Anna Jónsson in cursive script.